



ICELAND PARLIAMENT HOTEL



SALIR OG RÝMI FYRIR VIÐBURÐI Á ICELAND PARLIAMENT HOTEL

Glæsilegur Sjálfstæðissalurinn, heillandi og hlýlegar stofur Gamla kvennaskólans ásamt sveigjanlegum, hefðbundnum fundarýmum og fyrsta flokks veitingaþjónustu: Iceland Parliament Hotel býður hina fullkomnu umgjörð um stóra og smáa viðburði, veislur og fundi, hátíðleg tilefni og hversdagsleg. Hvort sem þú vilt tengja saman fjölskyldur, vinnustaði, alþjóðleg viðskipti eða

stjórnsýslu þá er Iceland Parliament Hotel staðurinn til að hittast.

Hótelið er í hjarta Reykjavíkur, við Austurvöll, á krossgötum heimsálfa og mismunandi menningarheima og við miðstöð lýðræðis, stjórnsýslu og viðskipta. Við sérhæfum okkur í smærri, lágstemmdum fundum, sem og stórum ráðstefnum og veislum af öllum toga.



SJÁLFTÆÐISSALURINN





FUNDARÝMI A



GAMLI KVENNASKÓLINN



FUNDARÝMI C





Leikhús	Veisla	Kabarett	Standandi boð
250	160	128	250

SJÁLFSTÆÐISSALURINN ER GLÆSILEGUR VEISLUSALUR Í HJARTA BORGARINNAR

Í gegnum tíðina hefur salurinn gengið undir mörgum nöfnum. Upphaflega hét byggingin sem hann er í Sjálfstæðishúsið við Austurvöll og er húsið nátengt sögu Sjálfstæðisflokksins. Það hefur einnig hýst vinsæla skemmtistaði þar sem ótal böll og tónleikar hafa farið fram. Salurinn hefur verið gerður upp í upprunalegum stíl af vandvirkni og alúð.

Í salnum er stórt svið. Fyrir ofan sviðið er ferhyrndur skjár, 5,0 m x 2,8 m (225”).

Sitthvoru megin við sviðið eru ferhyrindir skjáir, 3,3 m x 1,85 m (150”).

Hljóðkerfi fylgir salnum sem hentar fyrir ræðuhöld og einföld tónlistaratriði. Hægt er að leigja annan tækjabúnað. Salurinn rúmar 250 manns.

Hægt er að skipuleggja salinn á ýmsa vegu eftir eðli viðburðarins. Í sumum tilfellum er tekið aukagjald fyrir uppröðun.

Sjálfstæðissalurinn er 274,2 m² að stærð og sviðið er 39,6 m².

Tengd þjónusta í boði er t.d.:

- Tækjabúnaður
- Tímakaup fyrir tækniaðstoð
- Blómaskreytingar
- Skemmtiatriði
- Ljósmyndari
- Húsgagnaleiga

UPPRÖÐUN FYRIR VEISLU – HRINGBORÐ FYRIR 8–10

Hentar fyrir sitjandi borðhald

- Þegar dansgólfið er autt er pláss fyrir allt að 80 manns í sæti.
- Þegar hluti dansgólfsins er notaður fyrir borð er pláss fyrir allt að 120 manns í sæti.
- Þegar allt dansgólfið er notað fyrir borð er pláss fyrir allt að 160 manns í sæti.
- Þegar borðhaldi lýkur er hægt að færa 3–4 borð til að búa til pláss fyrir dansgólf.

UPPRÖÐUN FYRIR VEISLU – HRINGBORÐ FYRIR 8–10

Hentar fyrir hlaðborð – kvöldverðarhlaðborð, kaffihlaðborð og brönshlaðborð

- Þegar allt dansgólfið er notað fyrir hlaðborð er pláss fyrir allt að 80 manns í sæti.
- Þegar dansgólfið er bæði notað fyrir hlaðborð og borð er pláss fyrir allt að 120 manns í sæti.
- Það er mögulegt að færa hlaðborðið eftir að borðhaldi lýkur til að búa til pláss fyrir dansgólf.

UPPRÖÐUN FYRIR BLANDAÐAN VIÐBURÐ – STANDANDI/SITJANDI

Hentar fyrir kokteilboð

- Hringborð sem fjórir geta setið við í bland við há borð.
- Sæti fyrir allt að 60 gesti – hámarksfjöldi gesta er 250.
- Hægt er að leigja Gamla kvennaskólann í tengslum við viðburði í Sjálfstæðissalnum og þannig auka hámarksfjölda gesta í 405.



GAMLI KVENNASKÓLINN, RAUÐA HERBERGIÐ



GAMLI KVENNASKÓLINN, BLÁA HERBERGIÐ



Leikhús	Veisla	Kabarett	Standandi boð
40	30	26	155

Gamli kvennaskólinn var stofnaður árið 1874, á heimili hjónanna Þóru og Páls við Austurvöll. Þau létu rífa húsið árið 1878 og byggja nýtt á sama stað sem hentaði skólastarfinu betur. Þau ráku Gamla kvennaskólann í byggingunni til ársins 1909 og síðan hafa fjölmörg fyrirtæki verið þar til húsa.

Byggingin hefur nú verið endurreist á glæsilegan hátt, þar sem gamli og nýi tíminn mætast, og myndar hún einstaka umgjörð um viðburði. Í takt við upphaflegt hlutverk hússins eru öll listaverkin sem það prýða eftir konur.

Í húsinu eru tveir salir, Rauða herbergið á fyrstu hæð og Bláa herbergið á annarri hæð. Hægt er að leigja þau í sitthvorum lagi eða saman. Einnig er hægt að leigja salina í tengslum við viðburði í Sjálfstæðissalnum.

Salirnir henta best fyrir standandi boð.

Leyfilegur hámarksfjöldi gesta er 155 manns fyrir báða sali samtals. Í Rauða herberginu er stór bar og hægt er að bæta færanlegum bar við í Bláa herberginu.

Úr Bláa herberginu er hægt að ganga út á svalir sem vísa út á Austurvöll.

Hægt er að óska eftir færanlegum 65" skjám.

Hljóðkerfi fylgir salnum sem hentar fyrir ræðuhöld og einföld tónlistaratriði. Hægt er að leigja annan tækjabúnað.

Rauða herbergið er 79,7 m² að stærð og Bláa herbergið 102 m².

Tengd þjónusta í boði er t.d.:

- Tækjabúnaður
- Tímakaup fyrir tæknaðstoð
- Blómaskreytingar
- Skemmtiatriði
- Ljósmyndari
- Húsgagnaleiga



FUNDARÝMI A



FUNDARÝMI C



FUNDARÝMI A OG B

Leikhús	Veisla	Kabarett	U-laga	Standandi boð
160	140	112	30	160

Fundarými A, B og C eru á annarri hæð.

Hægt er að leigja rýmin í sitthvoru lagi eða opna á milli A og B og nota sem eitt rými. Í sumum tilfellum er tekið aukagjald fyrir uppröðun.

Fundarými C rúmar 10 gesti.

Fundarými A er 91 m² að stærð, fundarými B 78 m² og fundarými C 27 m².

UPPRÖÐUN FYRIR VEISLU –
HRINGBORÐ FYRIR 8–10

Hentar fyrir sitjandi borðhald

- Fundarými A – allt að 80 gestir
- Fundarými B – allt að 60 gestir
- Fundarými A og B – allt að 140 gestir

UPPRÖÐUN FYRIR SITJANDI BORÐHALD
– HRINGBORÐ FYRIR 8–10

Hentar fyrir hlaðborð – kvöldverðarhlaðborð,
kaffihlaðborð og brönshlaðborð


- Fundarými A – allt að 60 gestir + hlaðborð
- Fundarými B – allt að 50 gestir + hlaðborð
- Fundarými A og B – allt að 140 gestir + hlaðborð

UPPRÖÐUN FYRIR FUNDI

- Fundarými A – Kabarett (hálfmáni) – allt að 64 gestir
- Fundarými B – Kabarett (hálfmáni) – allt að 48 gestir
- Fundarými A og B – Kabarett (hálfmáni) – allt að 112 gestir
- Fundarými A – U-laga – allt að 30 gestir
- Fundarými B – U-laga – allt að 30 gestir

Tengd þjónusta í boði er t.d.:

- Tækjabúnaður
- Tímakaup fyrir tækniaðstoð
- Blómaskreytingar
- Skemmtiatriði
- Ljósmyndari
- Húsgagnaleiga

	Fyrirkomulag og fjöldi gesta						Verð			
										
Fundarými	Stærð	Leikhús	Veisla	Kabarett	U-laga	Standandi boð	4 klst.	8 klst.	12 klst.	16 klst.
Sjálfstæðissalurinn	274,2 m²	250	160	128	–	250	320.000 kr.	420.000 kr.	520.000 kr.	620.000 kr.
Sjálfstæðissalurinn og Rauða herbergið	353,9 m²		–	–	–	310	380.000 kr.	480.000 kr.	580.000 kr.	680.000 kr.
Sjálfstæðissalurinn og Gamli kvennaskólinn	455,9 m²	–	–	–	–	405	440.000 kr.	540.000 kr.	640.000 kr.	740.000 kr.
Gamli kvennaskólinn – Rauða herbergið	79,7 m²	–	14	12	–	60	110.000 kr.	160.000 kr.	200.000 kr.	220.000 kr.
Gamli kvennaskólinn – Bláa herbergið	102 m²	40	26	20	–	90	110.000 kr.	160.000 kr.	200.000 kr.	220.000 kr.
Gamli kvennaskólinn – Rauða herbergið og Bláa herbergið	181,7 m²	–	–	–	–	155	200.000 kr.	280.000 kr.	360.000 kr.	400.000 kr.
Fundarými A	91 m²	60	60	48	30	80	100.000 kr.	140.000 kr.	180.000 kr.	200.000 kr.
Fundarými B	78 m²	50	50	40	30	60	100.000 kr.	140.000 kr.	180.000 kr.	200.000 kr.
Fundarými C	27 m²	10	–	–	–	–	80.000 kr.	110.000 kr.	160.000 kr.	190.000 kr.
Fundarými A og B	169 m²	160	120	96	–	160	160.000 kr.	230.000 kr.	290.000 kr.	320.000 kr.
Fundarými A, B og C	196 m²	–	–	–	–	170	220.000 kr.	320.000 kr.	420.000 kr.	520.000 kr.
Öll rými saman	651,9 m²						660.000 kr.	760.000 kr.	860.000 kr.	960.000 kr.

Tengd þjónusta í boði er t.d.:

- Tækjabúnaður
- Tímakaup fyrir tækniaðstoð
- Blómaskreytingar
- Skemmtiatriði
- Ljósmyndari
- Húsgagnaleiga